

Sögunefnd Keflavíkur

2. fundur haldinn mánudaginn 13. maí 2019 kl. 17.00 í Byggðasafni Reykjanesbæjar

Mættir: Kristinn Þór Jakobsson formaður, Árni Jóhannsson, Erla Guðmundsdóttir, Ragnhildur Árnadóttir, Stefán Jónsson og Eiríkur P. Jörundsson, safnstjóri Byggðasafnsins, sem ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar

Engar athugasemdir gerðar.

2. Hvaða sögu viljum við segja?

Formaður lagði fram drög að efnisgrind og óskaði eftir athugasemdum og viðbótum. Málið rætt og ýmsar athugasemdir komu fram. Fundarmenn sammála um að tímabilið sem um ræðir sé afar viðburðaríkt og mikilvægt sé að koma til skila metnaðarfullum umsvifum í félags- og menningarlífi á þessum árum, auk grósku í íþróttalífinu. Þá er ljóst að vera varnarliðsins á Miðnesheiði og öll samskipti Keflvíkinga við varnarliðið og uppbygging millilandaflugvallar eru einstök á landsvísu og settu stórt spor í sögu bæjarins á þessum árum, ekki síst með tilliti til atvinnulífsins. Fundarmenn sammála um að ekki verði mikið lengra gengið í mótun efnisgrindar nema í samráði við væntanlegan höfund verksins. Formaður hvatti þó nefndarmenn til að halda áfram að íhuga málið og setja fram hugmyndir að efnistöfum.

3. Fjárhags- og verkáætlun

Málin rædd og fundarmenn sammála um að verkið verði óhjákvæmilega umfangsmikið í ljósi þess sem fram kom í síðasta lið fundargerðar. Bent var á að þriðja bindi Sögu Keflavíkur nær yfir tæp 30 ár en tímabilið sem hér um ræðir er nærri 45 ár og án vafa talsvert ríkari af sögu í stækkandi og fjölbreyttara bæjarsamfélagi. Að því ógleymsdu að heimildir eru umtalsvert meiri auk þess að vinna þarf úr gríðarlegu magni af myndefni. En jafnframt voru fundarmenn sammála um að mikilvægt sé að setja verkinu ákveðinn ramma. Tillaga um að verkinu verði lokið eigi síðar en í febrúar 2022 samþykkt einróma.

Þá var rædd sú hugmynd sem áður hefur komið fram að meginútgáfa verksins verði í formi söguvefs á netinu. Fundarmenn sammála um að sú aðferð gefi kost á að talsvert umfangsmeira efni verði aðgengilegt, sem ekki væri hægt að gera í bókarformi nema í fjölda binda. Auk þess væri hægt að þróa slíkan söguvef áfram í söguvef Reykjanesbæjar með miklu magni sögulegra heimilda og mynda, að því ógleymsdu að hægt væri að þýða hluta hans yfir á önnur tungumál. Engu að síður verði stefnt að því að ljúka ritun sögunnar með útgáfu 4. bindis Sögu Keflavíkur, sem þá yrði í formi yfirlitsrits þar sem vísað væri í frekari upplýsingar á söguvef. Fundarmenn voru sammála um að sjá hvort þessi leið væri ekki fær áður en annað verður ákveðið.

Ákveðið að safnstjóri Byggðasafnsins vinni hugmynd að fjárhags- og verkáætlun sem lögð verði fram til umræðu á næsta fundi.

5. Önnur mál

Næsti fundur ákveðinn þriðjudaginn 18. júní 2019 kl. 17.00 í Byggðasafninu.

Fundi slitið kl. 18.10